



TOLLVARÐAFÉLAG ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 133/1288
komudagur 28.2.2007

7. febrúar 2006

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Tollvarðafélags Íslands um stjórnarfrumvarp til laga um Íslensku friðargæsluna – þingskjal 556.


Þrátt fyrir að Tollvarðafélagi Íslands hafi ekki borist bréf frá háttvirtri allsherjarnefnd Alþingis, þar sem óskað er eftir að stéttarfélagið veiti umsögn um frumvarp til laga um Íslensku friðgæsluna, hefur stjórn félagsins ákveðið að veita umsögn. Ástæða þessa er sú að tollverðir hafa sinnt störfum við Íslensku friðgæsluna, auk þess sem vandamál hefur komið upp samfara því að fá leyfi til slíkra starfa.

Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að friðgæsluliðar skuli einungis ráðnir að hámarki til eins árs í senn. Tollvarðafélagið hefur út af fyrir sig ekkert út á þetta ákvæði að setja, sérstaklega m.t.t. þess að í 11. gr. frumvarpsins er tryggt að ríkisstarfsmenn eiga rétt á að taka sér launalaust leyfi og að slík tímabundin ráðning hefur ekki áhrif á önnur starfsréttindi þeirra, svo sem getið er um í 11. gr. frumvarpsins.

Fyrir aðeins nokkrum vikum var tollverði synjað um launalaust leyfi á grundvelli þess að aðeins væru liðnir níu mánuðir frá því að hann hafði verið við friðgæslustörf. Hann neyddist því til að biðja um lausn frá embætti og á þar af leiðandi ekki vísa stöðu í tollgæslunni á Suðurnesjum þegar hann hefur lokið störfum fyrir friðgæsluna. Ljóst er að fáir tollverðir, eða aðrir ríkisstarfsmenn, eru tilbúnir til að færa slíkar fórnir, þ.e.a.s. að fórna skipun eða a.m.k. að setja hana í óþarfa hættu, fyrir tímabundna ráðningu í friðgæslunni. Tollvarðafélag Íslands leggur því ríka áherslu á að ákvæði 11. gr. frumvarpsins haldist óbreytt, þ.e.a.s. m.t.t. þess að réttur ríkisstarfsmanna til launalauss leyfis til starfa hjá Íslensku friðgæslunni verði tryggður.

Að öðru leyti hefur stjórn TFÍ engar athugasemdir fram að færa við þetta ágæta lagafrumvarp.

Virðingarfyllst,


Guðbjörn Guðbjörnsson
formaður